



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 07. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um félög til almannaheilla. Þingskjal 1030, 603. mál, 151. löggjð.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um félög til almannaheilla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna endurkomu frumvarps þessa sem miðar að því að koma á heildstæðri löggjöf um félög sem starfa í þágu almannaheilla. Slíka löggjöf hefur með öllu skort og margt hefur verið óljóst og misjafnt í framkvæmd hvað varðar rekstur og reglur um slík félög. Slíkt lagatóm getur gert félögum erfitt fyrir í rekstri ef deilt er um aðferðir, ábyrgð og framkvæmd. Samtökin telja það því verða mjög til leiðsagnar fyrir almannaheillafélög að hafa samræmdar leiðbeiningar eins og í lögnum felast. Barnaheill vilja þó benda á að mikilvægt er að þau séu ekki íþyngjandi minni félögum eða takmarki með einhverju móti stjórnarskrárvárið félagafrelsi. Mikilvægur þáttur frumvarpsins er að skráning félaga til almannaheilla er valfrjáls.

Barnaheill hafa áður gagnrýnt að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þátttöku barna í stjórnnum almannaheillafélaga. Möguleiki barna til þátttöku í stjórnnum félaga ætti að mati samtakanna að vera tryggð með lögnum. Barnaheill hvetja því enn til þess að í frumvarpið verði bætt ákvæði sem kvæði á um heimild til að ákveða í samþykktum að börn geti tekið sæti í stjórn slíkra félaga þar sem jafnframt væri þó áréttað að börn megi ekki mynda meiri hluta stjórnar og þeim, sem stjórnarmönnum, verði ekki veittur réttur til að rita firma félagsins. Ábyrgð þeirra á störfum í félaginu væri þá í samræmi við aldur og þroska í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar og refsiréttar.

Í minnisblaði Eyvindar G. Gunnarssonar, því í október 2019 um hið almenna lögræðisskilyrði til stjórnarsetu í félögum (sjá [150-1504.pdf \(althingi.is\)](#)) er að mjög takmörkuðu leyti fjallað um hvernig börn geta með öðru móti haft áhrif á stefnu eða stjórn félaga ef þeim veitist ekki tækifæri til að taka þátt í stjórn með beinum hætti, þó með takmörkuðum hætti væri.

Samkvæmt Barnasáttmálanum og stjórnarskrá eiga börn rétt til að mynda félög og taka þátt í þeim, sbr. 12., 13. og 15. grein og að láta skoðun sína í ljós í öllum málum sem þau varða. Að mati Barnaheilla ætti því ekki að útiloka börn frá stjórnarsetu á þeim grunni að þau séu ekki fjárráða, heldur að veita þeim möguleika á að bjóða sig fram til stjórnarstarfa með takmarkaðri ábyrgð. Fordæmi eru fyrir því annars staðar í frumvarpinu og gert er ráð fyrir því að stjórnarmenn kunni að bera takmarkaðar skyldur eða ábyrgðir, sbr. t.d. 29. grein frumvarpsins um Tilkynningu um félag.

Barnaheill hvetja jafnframt til þess að í frumvarpið verði bætt ákvæði sem áréttar þá skyldu að allar ákvarðanir skuli teknar í samræmi við það sem börnum er fyrir bestu, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans, og að félög skuli í störfum sínum taka tillit til hagsmuna barna.

Að öðru leyti hvetja Barnaheill til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög að teknu tilliti til athugasemda.

Barnaheill byggja starf sitt á Barnasáttmálanum og vinna að bættum mannréttindum barna á heildstæðan hátt.